

## í Reykjavík


**Hverjir heldur þú að verði heimsmeistarar í knattspyrnu í ár?**




Jón Gestur Viggósson, kerfisfræðingur: Ég hef nú lítið hugsað um það. Ætli ég segi ekki Vestur-Þjóðverjar.



Sigurður Jónsson, tannlæknir: Það veit ég ekki. Vestur-Þjóðverjar eru líklegir til þess að halda titlinum.



Jón Stefánsson, orgelleikari: Ég hef ekki fylgst svo mikið með þessu að ég geti svarað þessari spurningu.



Sigurður Helgason, kennari: Það er erfitt að segja til um það. Það verða sennilega annaðhvort Brasilíumenn eða Vestur-Þjóðverjar.



Páll Steinþór Bjarnason: Ég hef nú ekki verið að velta því fyrir mér. Næstu heimsmeistarar koma sennilega frá Suður-Ameríku og líklega verða það Brasilíumenn.




Listamaðurinn Erró situr hér milli tveggja góðra vina sinna, Matthíasar Johannessen og Braga Ásgeirssonar sem rituðu inngangstexta. (Vísism. GVA)

# EINSTÆÐ BÓK UM ERRÓ

„Þetta er besta bókin sem gefin hefur verið út um mig og myndirnar mínar. Hönnun bókarinnar er góð, texti Braga og Matthíasar er léttur og skemmtilegur, pappírinn góður og prentunin ágæt" sagði listamaðurinn Erró á fundi með fréttamönnum í gær.

Það er Iceland Review sem


# Svo mælir Svarthöfði

## GJALLARHORN ÍBOÐI

Þorkell Valdimarsson er nýverið orðinn stóreigandi í fasteignum. Flestar þeirra eru í svonefndu Grjótaþorpi og kosta offjár árlega í fasteignagjöldum, en tekjur af misgóðum húskumböldum, eins og Fjalakettinum, eru nánast engar til að mæta útgjöldum. Á einum stað á þessu eignasvæði hagar svo til, að nokkrar tekjur mátti hafa af bílastæði, til að mæta opinberum gjöldum, ef eitt kofahrófið yrði rifið og síðan sléttað yfir. Eftir stóran kosningasigur kommúnista í borgarstjórn tók Þorkell Valdimarsson sig til og fékk sér jarðýtu til að búa til bílastæði. Þegar búið var að rífa hálfan kofann þyrptust að konur og karlar og síðan varð þetta alveg eins og í útlöndum, að einn maðurinn settist með kornabarn fyrir framan jarðýtutönnina og sagði á frönsku: Keyrið þið nú.

Þorkell Valdimarsson er sjálfsagt alinn upp við það, eins og aðrir landsmenn, að eignarétturinn sé sá réttur, sem seint gangi að taka af mönnum. Samt komst hann að raun um það í fyrradag, að í Grjótaþorpi, og líklegast víðast hvar annars staðar í borginni um þessar mundir, er hann næsta lítils virði. Meðan Þorkell Valdimarsson var að melta þessi nýju sannindi með sér, vék sér að honum blaðamaður frá blaði allra landsmanna. Og Þorkell svaraði: „Ég segi ekkert við Morgunblaðið — ég er ekki til viðtals fyrir Morgunblaðið".

Frú Tryggingastofnun ríkisins kom ekki á vettvang í þessu máli heldur Adda Bára Sigfúsdóttir. En henni fannst að þarna yrði einhver að vera, sem kallast gæti forsvarsmaður núverandi borgarstjórnar. Að vísu liggur ekkert á ljósu um það, hver sé núverandi borgarstjórn, en þarna voru eflaust miklir stuðningsmenn frú Öddu og frú Tryggingastofnunar ríkisins á ferð, og þess vegna hefur þótt rétt eftir atvikum að gæta hjarðarinnar gegn kapítalistanum Þorkatli Valdimarssyni, sem neitar að tala við blað allra landsmanna.



Þorkell Valdimarsson og sá franski með kornabarnið á vettvangi niðurrifsmanna í Grjótaþorpi.

Að vísu viðurkenndu þeir vitibornari á staðnum, að ekkert gæti bannað eiganda að framkvæma það sem hann vill á eigin lóð. Samt kom fram, og var áréttað margsinnis, að eigandinn hefði engu að síður engan rétt til að gera það sem hann ætlaði sér með lóðina. Hin nýja stefna „núverandi borgarstjórnar" virðist því vera, að eigandinn eigi allan rétt samkvæmt lögum, en engan rétt í framkvæmdinni. Það heitir engan siðferðilegan rétt á máli fólksins, og verður sjálfsagt hægt að færa það ákvæði yfir alla byggð borgarinnar á skömmum tíma.

Eftir nokkurt orðaskak bauðst þrælvön andófskona til að lána fólkinu gjallarhorn, ef það mætti verða til þess að kveðja saman fleira fólk til andmæla undir kjörorðinu: Hér er maður að misþyrma lóð sinni. Umræður um það, hvort taka bæri boðinu um gjallarhornið stóðu enn þegar síðast fréttist.

En það er fleira sem herjar á Grjótaþorpið þessa dagana. Jóhanna hringdi í blað og lét hafa eftir sér að ekki væri svefnsamt í hverfinu, vegna þess að „vígdjarfir ökuþórar þenja farartæki sín við undirleik hávaðasamra þeytilúðra, líkt og þúsund djöflar væru á hælum þeirra". Og ennfremur segir Jóhanna: „Stundar margur það (næturfólkið), allt eftir efnum og ástæðum, að gera þarfir sínar illþefjandi við húsveggi í Grjótaþorpi".

Sem sagt: Þorkell vildi fækka veggjum á eignarlóð sinni, en það er bannað af siðferðilegum ástæðum. Og þótt nýr borgarstjórnarmeirihluti sé þegar tekinn til starfa í Grjótaþorpi, virðist lítið ráðast um ástand og horfur í hverfinu. Lagt er til að tekið verði boðinu um gjallarhornið. Enda verður eignaréttinum og borgarmálum eflaust best stjórnað með gjallarhornum næsta kastið.

Svarthöfði.

P.S.

Með kveðju til Magnúsar Kjartanssonar og þökk fyrir limru:

Þótt banamein læknist og batni
og bræðrum tveim þrautirnar sjatni
sprakk annað með hvin
í Covent Garden
en hinn sprakk á Laugarvatni.

Sami.